Kemur út annanhvern Laugardag ekki minna en sex síður þessir 3 arkir (sem en þó er ritnef- heimilt að stækka blaðið ef þörf gjörist

# Sveitarblaðið:

# Fjallfari

Uppsögn skrifleg bundin við sumarmál ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir þann 25 April næst k.

| 1. Árg. | 4. Kerfi. 1. Blað | № 7 |
|---|---|---|

Vedramót. Laugard. 6-4 1900

## Ritnefnd

Björn Jónsson Jón Björnsson

Guðrún S Björnsdóttir

# Æfistarf hinnar ungu kynslóðar Íslands.

„Hann mun ætla að fara að setja okkur lífsreglurnar ungafólkinu þessi karl það er strax auðheyrt á fyrirsögninni. Hann gáir ekki að því að „Hægra er að kenna heilræði en halda þau". Þá leið munu margir hugsa og jafnvel segja er þetta lesa. Ég ber ekki á móti því að þeir sem þetta segja hafi nokkuð til síns máls. Ég vil nefnilega með línum þessum láta í ljósi álit mitt á því, sem margir leggja sig ekkert fram til að athuga og rannsaka en sem þó er alveg sjálfsagt fyrir alla þá sem eiga nokkra framtíð fyrir höndum á þessu landi að gjöra sér ljósa grein fyrir. Málefni það sem ég vildi í þetta sinn taka til stuttrar athugunar er það: „Hvert verða eigi æfi-

afistarf hinnar ung kynslóða Ísl-
en að svo miklu leyti sem og heimta
að hún gefi gaum orðum mínum
þá nær það auðvitað jafnt til míns
sjálfs sem eins af meðlimum hennar
ar. — Eg get ómögulega fengið mig
til að fjasa mikið yfir framförum Ísl.
á hinum síðari parti hinnar
nítjándu aldar, eins og sumir rit-
litarmenn láta sér verða. Annað mál
er það að eg kannist við að nokkuð sé
það er ekki rétt af mönnum að
fjasa og láta í ljósi undrun sína
yfir framförunum hve miklar þær
séu, við hverja sína umbót sem gjörð-
i þá ætti að þoka Íslandi áfram á fram-
farabrautinni á eftir öðrum lönd-
um sem á undan ganga. Slíkt get-
ur komið þeirri hugsun inn hjá mönn
um en einkum þó hinum ungu
og óreyndu að Ísland sé komið á

miklu hærra framfarastig en það
í raun og veru er, og þar af leiðir aftur
ur sú hugsun að eigi sé jafn brýn
þörf á umbótum eins og reyndin sannar.
Mér getur ekki dulist það og því ekki
látið annað álit mitt í ljósi en, að
á meðan framfarirnar í sumum
öðrum löndum stika áfram risa-
fetum, þá fari þær hér eigi hraðara
en hikandi barn sem er að fikra sig
áfram eftir veikum ísi yfir vatnsfall
og er sá munur allmikill. Þetta er
heyrandi eða hitt þó heldur; hvernig
skyldi honum ganga að sama þeim
ar framburð gellur nú að sjálfsögðu út
úr öllum áttum. Mér finnst ekki ein-
ungis hægt að koma með nægar sann-
anir fyrir máli mínu heldur og fyr-
ir því að ástæðan framfaraleysisins
sé að miklu leyti að kenna áhugaleysi
og ræktarleysi landsmanna sjálfra

og er allhart að þurfa að viðurkenna
það til þess að halda ekki rétti sam-
leikans. — Hver sá er tekur við vand-
sömu verki sem af öðrum hefir
byrjað verið, hlýtur strax í byrjun að
athuga hvernig öllu þar að lútandi
sé varið, hvað þarf fljótastrar fram-
kvæmdar við og á hvern hátt því verði
sem best í lag komið. Gjöri hann
þetta ekki, gengur hann að verkinu
umhugsunarlaust og er þá hætt við að hann
taki þegar í byrjun skakka stefnu og allt
hans erfiði verði að lokum að engu gagni
ef ekki ógagni. Viðvíkjandi þessu máli
þarf og þesskonar athugun að fram-
fara. Vil og því í örfáum orðum yfir-
líta ástand landsins í aðalatvinnu-
vegum þess, og vil eg þá fyrst nefna
~~nefna~~ þann sem eg bæði tel virð-
astan, og sem mér er annast um-
það er landbúnaðurinn. —

Engum getur dulist að þar fara
framfarirnar afar hægt, og því hink-
um fyrir þá sök að nægilegan kraft
vantar til þess að bændur geti yrkt
jarðir sínar eins og þarf, og á að gjöra.
Af kraftleysinu leiðir að gengið er
með þeirri sérlegri stillingu mein-
leysi og hægð að því að leggja að velli
þá skaðlegustu, öflugustu, og áhrifa-
mestu meinvætti gegn framför-
um jarðyrkjunnar, en hið fyrsta skil-
yrði fyrir velgengni landbúnaðarins
og framförum hans ~~er~~ það að ~~hann~~
sé í blóma. Menn eru stöðugt að
staglast og stoppa á því hve lítill
hluti landsins sé graslendi, í sam-
anburði við það sem er: jöklar, hraun,
-sandar, og öræfi. En eg segi: Hve
margfaldan arð gæti sá litli hluti
af sér gefið, í samanburði við það
sem hann gjörir, ef gjört væri það

sem þarf og á að gjöra að vatnsveit-
ingum, skurðagrepti, þúfnasléttun
og túngirðingum o. fl. þótt ótaldar séu
útaukningar á túnum, sem víða er
svo alhægt að koma við ef krapta
og fé eigi vantaði. Þeir sem þá yfir-
gefa land sitt gjöra í stuttu máli allt
sem í þeirra valdi stendur til ógagns
framförum þess, án einstöku und-
antekninga. Hvílíkt ræktarleysi við
sitt eigið föðurland, hvílíkt áhuga-
leysi og vonleysi á framförum þess
lýsir sér hjá þessum mönnum.
Ótal margt fleira mætti telja við
landbúnaðinum sem þarf um-
bóta við, ef orku og tíma brysti ei og
sleppi frekari áhugum í þetta sinn.
Um fiskiveiðarnar má segja að
sumu leyti hið sama. Skip þau
sem nauðsynleg eru til þess að geta
stundað þær af krapti vanta að

mestu leyti. Enn fremur ýms nauð-
synleg áhöld. Einnig fleiri og hentugri
varðskip til þess að verja þennan
dýrmæta atvinnuveg fyrir árásum
útlendra fiskimanna. Það er sorg-
legt að sjá eigingjarna og illvilj-
aða útlendinga þar sem uppi land-
steinum traðka landslögum og
rétti, og kreppa járnklóm á girnd-
arinnar meiri part þess mikla
auðs er hafið í kringum Ísland
árlega veitir, og sem auðsjáanlega
er ætlað þessu fátæka landi til end-
urgjalds fyrir, það fer á mis við
þau gæði er önnur lönd njóta í
svo ríkuglegum mæli; en þessi ~~ekki~~
dýrmæta gjöf verður landinu ekki
að tilætluðum notum einungis vegna
fátæktar og vesaldóms landsmanna.

Eg drep einungis á þessa tvo
atvinnuvegi sem hina helztu þótt

hið sama mega auðvitað segja um
þá alla að þeim sé stórkostlega á-
bótavant, og eptir þeim fer auðvitað á-
stand landsins.
Jafnlegum efnum má óhætt
fullyrða að þjóðin hafi miklum fram-
förum tekið, frá því sem var fyrir
20-30 árum, því svo mikið er víst
að heit og innileg trú hefir fremur
eyðst en eflst á þessu tímabili.
Eptir þessu stutta ástandsyfirliti kem-
ur í ljós að ástand landsins þarf mik-
illa umbóta við, og til þess að þær fá-
ist þarf að mínu áliti fyrst og fremst
einbeittan áhuga og dugnað þeirra
manna sem í framtíðinni byggja
þetta land. Það er því aðallega skylda
hinnar ungu kynslóðar að láta sér
af alhug annt um velferð síns
föðurlands, helga því krapta sína
og leggja þá alla fram til þess að

styðja að allskonar framförum lands-
manna í trú og siðgæði, dáð og dreng-
skap, áhuga og einbeittum vilja á
framsókn til fullkomnunar í öll-
um greinum, menntun og mann-
elsku, þreki og þolgæði í öllum erfið-
leikum. Hún verður að hafa þá einl.
von og óbifandi traust til Guðs að hann
muni styrkja þetta fátæka land til
allra velgengni, ef þjóðin sjálf ein-
ungis leggur fram sína krapta.
Vón um góða framtíð landsins er
henni ómissandi, því af henni leiðir
áhugi og ánægja, þótt hún eigi við
erfitleika að stríða. Hversu huggandi
er það fyrir mann sem á við erfið kjör
að búa að hafa þá öruggu von að verk
hans muni einhverntíma fyr eða sí-
ðar bera góða og mikla ávexti, sem jafn-
vel hann sjálfur fær að njóta og þótt
hann aldrei geti haft von um að ein-
ir afkomendur hans verði þeir fyrstu

sem njóta ávaxta erfiðis hans, þá er
það samt honum til mikillar gleði
í raunum hans. Því fæstir eru svo
að þeir ekki gleðjist yfir þeirri með-
vitund að hafa gjört framtíðarvel-
ferð afkomenda sinna sem vissasta
og öruggasta. Hinsvegar er það jafnt
eðlilegt að þeir menn geti ánægðir
unnið hvað helzt er fyrir sjálfa
sig eða land sitt sem í gjörsu fé-
saman, er halda þeirri hugsun fast-
ri að: því lengur sem þeir vinni
því verri verði kjör þeirra, og þeim
af verri kjör og meiri óþægindi bíði þeir
sem eftir þá lifa. Slíkir menn eru bet-
ur komnir suður, austur, eða vestur um
haf, því þeir geta þá ekki séð til þeirra
hugsunar hjá þeim ungu, sem með
aldri og þroska gjörir þá jafn ófæra til
sem meðlimi hins ísl. þjóðfél. og þeir
sjálfir voru. — Eg get nú búist við
þannig lagaðri spurningu: „Hvernig get-

ur ungdæmið þess að hinir yngri og ó-
reyndari menn, gangi á undan hinum
eldri, reyndari og hyggnari mönnum í
nokkru því er til framfara horfir? Eg
veit það vel að unga kynslóðin er óreynd og
að því leyti ófærari hinni eldri; en ef
hún leggur sig alla fram, til þess að at-
huga allt ástand landsins, hvað hafi ver-
ið gjört í þá átt að bæta það og hvernig
það hafi tekist, og ef hún neytir alls síns
vits til þess að upp finna góð ráð þótt
dýr kunni að verða, þá efast eg ekki um
að henni geti orðið mikið ágengt. Einnig
er það fremur heimtandi af henni sök-
um þess að hún og hennar afkomendur
eiga að njóta ávaxtanna, af vinnu hennar
en ekki hinir gömlu menn þótt reynd-
ir séu sem lítið eiga annað eftir en
lifa sín elliár og hverfa síðan inní
minningarríki þeirra sem eftir lifa. Marg-
ir hinir eldri menn eru líka búnir að
mála svo mörgu misjöfnu að ókunnum er þeir-

að dofna. — Hjá nokkrum er líka vanum
bisum að helga sér ókostina að þeir sjá
ekki utan mjög óglöggt hve öllu er
ábótavant. Hin hinsvegar en þó upp-
vaxna kynslóð verður að taka sér fram
og láta til sín taka. Í framsóknar-
baráttunni getur hún ekki búist við
að nokkru af flokki gömlu bardaga-
mannanna sem eru farnir að bila og
þreytast, gangi fremst og brjótist með
íslenzka fánann fram í gegnum
allar þær óvina fylkingar og mörgu og margvís-
legu torfærur á leiðis til þess göfuga tak-
marks að hefja Ísland til öndvegis með-
al landanna sem það fyrir margra
hluta sakir er verðugt. Hún verður að
velja kappsmestu, áhugamestu, og fór-
gjalustu mennina til þess að skipa
fremsta hluta fylkingarinnar, og þeim
ber svo að fylgja með áhuga og dugn-
aði, og þótt takmarkinu verði aldrei
náð, þá hefi eg þó þá von að hægt sé að
komast ótrúlega langt á leið með áhuga og einbeittum vilja

og öruggri von um góðan árangur verksins.
Margir munu segja að ekki nægi tómt orða-
skrum, og hlýt eg að svara því játandi, en þó
með þeirri viðbót að: „Orðin eru til alls fyrst."
En það verða hinir sömu einnig að játa að
brennandi áhugi er ekki svo ríkjandi hjá
þjóðinni að öldungis óþarft sé fyrir nokkurn
hvorki í ræðu né riti að gjöra hina minnstu
tilraun í þá átt, að efla hann eða vekja
menn til ljósari meðvitundar um ~~það~~
skyldur þeirra við fósturjörðina. En
til þess að slíkar tilraunir nái sínum
rétta tilgangi þá þurfa menn fyrst og fremst
að taka þær til greina, í öðru lagi að láta
þær leiða sig til frekari athyglis og um-
hugsunar á málefninu, og í þriðja lagi
að láta umhugsunina leiða á eptir sér
framkvæmdir til umbóta á því marga
sem umbóta þarf við.

L. D.

# Um jarðabætur

Mönnum eru nú sem von er til farn-
ir að finna til þess hversu mjög
oss Íslendingum, er ábótavant
í nærfelt öllu því er grundvalla má og efla
sanna velmegun þjóðarinnar, og
margir hafa gjört framt orðið til að
segja álit sitt um og leggja ráð á
hvernig bæta mætti þennan eða hinn
atvinnuveg landsins; nokkrir hafa ein-
ig í verkinu komist svo langt, að þeir
með reynslunni hafa sannað það, að
margir atvinnuvegir vorir geta tek-
ið miklum og ómetanlegum fram-
förum, ef oss eigi skortir þekkingu
dugnað og ástundun til þess að bæta
þá eins og mætti. Allt þetta er ágætt
og vonandi að beri bráðum heillaríka
ávexti. Ég er þess nú ekki um-
kominn að rita um þetta efni

það er öðrum gæti orðið til leiðbein-
inga, en ég ætla mér einungis að
taka það fram eitt atriði, er mér
virðist ekki minnst eiga svo lítinn
þátt í því að jarðrækt og jarða-
bótum þokar svo seint áleiðis
hjá oss. — Ég þarf ekki að leita rök
að því hversu jarðræktin sé hér mikil-
vægur atvinnuvegur, og almennur,
og hversu allskonar jarðabætur, sem
beinlínis miða til að auka og efla
þennan atvinnuveg, séu dýrmætar
og nauðsynlegar, því hvorttveggja
er þetta almennt viðurkennt af
þeim sem þekkja ásigkomulag
landsins. Ekki heldur þarf ég að færa
sannanir fyrir hinum gagnstæða nefnil.
því að allar hindranir, sem standa
atvinnuvegi þessum fyrir fram-
förum eru mjög skaðlegar, og sný
ég mér því að málefninu sjálfu sem
er það að fjöldinn af bændum hér

á landi eru leigulitar, sem að
undanteknum einstöku mönn-
um ekki áræða að leggja út í þær
jarðabætur, sem hafa nokkurn tals-
verðan kostnað í för með sér, af
því þeir á annan bóginn hafa
aðeins litla von um að geta unn-
ið upp nokkuð af kostnaðinum,
en á hinn bóginn eru þeir
svo efnasterkir, að þeir geti látið sér
liggja í léttu rúmi, þótt þeir eða
erfingjar þeirra eyði til ónýtis ef
til vill nokkrum hundruðum
króna. – Það er að vísu satt að
leiguliðinn – ef hann getur búið
á sömu jörð í mörg ár eptir að hann
hefir unnið jarðabætur á henni – getur
eptir kringumstæðum unnið upp
meira eða minna af kostnaðin-
um sem til jarðabóta hafa gengið,
sökum þess að gjöra má ráð fyrir
að hann optast sitji við sömu land-

skuld, þá jörðin fyrir eigin fram-
kvæmd hans hafi batnað töluvert,
en einmitt fyrir það að fyrir þessu
er engin vissa og hitt getur eins
auðveldlega komið fyrir að hann
uppsker engan ávöxt af erfiði sínu,
kýs hann því heldur að nota jörð-
ina eins og hún er, á meðan hann
þarf á að halda.

3 + 9.

# Sumarkvöld

1.

Kalt lýtt kyrðin var
kvölds í lítarsvala,
optast þýðum andar blær
eptir hlíðum dala.

2.

Fagnar fjöldi fugla smá
Fróns í völdu hlíðum,
sól nær öldu sveipast á
sumarkvöldum blíðum.

3.
Sést ef gáði samt að því
sólarglata á bárum,
blærinn mátt þá badist í
blíðrar náðum tárum.

4.
Sofnaðu eigi um sumarkvöld
sorgar slegin þínum,
ef þig beygir ángursfjöld
á lífsvegi þínum.

5.
Ef þig mæti afi sterð,
og undir blæða þínar,
þá fest næti að kanna í kyrð
kringumstæður sínar

3+9.

# Ferðasaga. (Framh.)

Fjórði sonur Hinriks hins randa er Márten hinn mjói; hann er maður hár vexti en mjög grannur. Hann hefir skollið hár, en dökk augu. Er hann svo fríður að allar konur verða hrifnar af fegurð hans. Hann er enn ungur að aldri, og því enginn afbragðs bardagamaður, en ekki mun hann verða síðstur af bræðrum sínum, þá er hann eldist og honum vex fiskur um hrygg. Er hann landritamaður svo mikill að enginn & svo, hérlendur maður að hann ekki viti hann viti, og nýtur hann þá fínlíka síns og snarræðis, en síður kapp. Hann á fyrir vin honum tröll kona eina, Marten á Lappmörk og þarf hann ekki annað en nefna nafn hennar, þá getur hann hvergi séð í allra kvikinda líki. Hann getur og stælt málróm hvers manns, og svo er hann skarpskyggn að hann veit marga hluti fyrir, og þekkir hvern mann með nafni í lítt fötum sinns. Hann er afstapamaður mik-

ill og hefnigjarn og þá er hann er vitur
fóstbróðir hans svo mjög að vel mætti
líkja því við brimlöðrið við Agdanes.
Þá er að geta Snakks hins sterka.
Hann er jarl yfir Fellsmörk sem
liggur undir Hinrik sanda, og ~~liggja~~
er vestanvert við Brakelfuna sem
áður er ~~ør~~ nefnd, gegnt norðvestur
hluta Vindlands. Snakkur er lá-
maður vexti; rauðhærður, og rauðskegg-
jaður; skeggið líkist gisnum krækt-
óttum birkirunna. Hann er hvat-
vislegur í framgöngu, og málskur
mjög. Kona hans heitir Huld og
er við hans hafi. Enginn veit hvorra
ættar þau eru, eður hvaðan þau eru
upprunin, en elstu menn seg-
jast hafa heyrt að þau hafi komið
ríðandi gandreið á hrosslegg norð-
an úr Jötunheimum. Lengi síðar
varð Snakkur hirðmaður Hinriks

konungs og hirðskáld hans um
langan tíma, því hann er skáld mikið.
Hann kvedst hafa verið sjö ár í Svarta-
skóla og numið þar mikil vísindi.
Fyrir snakkinum áður setti Hinrik
hann jarl yfir fylki þetta, þá er
Garðar jarl varð heillaður burtu það-
an af þursa jötni. Ekki hefir Snakkur
skáða hirð kringum hásæti sitt, en í þess
stað hefir hann í höllinni nautahjörð
mikla og skemmtir sér við að etja sam-
an nautunum. Ekki er hann bardaga-
maður mikill en ver sig gegn óvinum
með fjölkyngi.

Fyrir Fallandi ræður Bósi
hinn blái. Hann er meðalmaður á
hæð en fremur þrekinn og sterklega
vaxinn. Hann er fremur höfðlítill
ill en það hefir hann upp bætt með
hinu mikla ullgráa hári, sem hann
skallar í miðjum hálsi, og veður höfuð-

því líkast gaddavírs hatti. Hann er
fremur ófríður maður í andliti og hár-
undslitur hans er bláleitur. Hann
er hversdagslega hæglátur og hæversk-
ur maður er hann í framgöngu að
en hávaðamaður mikill þá hann er
við öl. Hann er svo stilltur og geðgóð-
ur að enginn sér honum nokkru
sinni þykja, hversu mikið sem hon-
um er á móti gjört. Bósi er nú hnig-
inn mjög að aldri, og gefur sig því ekki
við hernaði en á yngri árum, var hann bar-
dagamaður mikill, einkum varð hann fræg-
ur fyrir vörn sína gegn spænskum víkingi
er Frakl hét, er um þær mundir vildi
leggja undir sig allt þetta land, en fyrir
frækleik Bósa og manna hans náðu vík-
ingar þessir aldrei neinni verulegri fótfestu
og var að síðustu yfirstiginn í orustunni
við Mixfljótið á Gallíalandi. Bósi er mik-
ill karlmenni og auðugur einkum á hann
stóðhross svo mörg að eigi verður tölu á komið

og ekki veitir honum af landspildu 30
rasta á hvern veg, til að framfleyta hrossa-
hjörð sinni, sem að hann hefir mikla mætur
á, einkum er það einn hestur sem honum
er næsta mjög annt um og er fasmát-
ur hópsins grámönótt hryssa ein, mikil
og telja kunnugir menn það efamál hvort
honum þyki vænna um Margréti konu
sína eður Grámönu. Bósi á fjölda barna
sem flest eru í bernsku, og skal eg að eins
geta Guðrúnar dóttur hans, sem er þeirra
elst. Hún er væn kona og stillileg. Elstur
sona hans, er Þrándur þrái. Hann er ekki
jafn ófríður föður sínum, en þar á móti
hefir hann andlega hæfileika minni. Hann er
lár maður vexti, en digur sem naut, ekki
er hann bardagamaður mikill, enda fór hann
mjög halloka í einvíginu við Mörð mjóa.
Hvað lundareinkenni hans snertir, þá er hann
maður ómannblendinn, sérvitur, tortygginn óþjálslynd-
ur, spéhræddur, og svo er hann ágjarn á hvers
að einskis metur hann gull og gersemar hjá
þeim. Svo er hann huglaus að ekki má hann
mannsblóð sjá enda situr hann jafnaðar í skemmu
Guðrúnar systur sinnar og gambrar við skemmumeyjar. (Framh.)

# Gömul heilræði

Að flytja opt, bæði að flytja opt tré sá og sjaldan verða fyrir þrifum.

Ef þú vilt, að erindi þínu verði vel lokið, þá farðu sjálfur, en ef þú hirðir ekki um það, þá sendu annan.

Augu húsbóndans gjöra meira en hendur hans báðar.

Haf gát á hjúum þínum, annars fáðu þeim lyklana að peningahirslu þinni.

Í kaupskap þessarar veraldar á vantrúin að bjarga þér en ekki trúin.

Varaðu þig á smákostnaði. Lítill leki sökkur stóru skipi.

Hærri er bóndi uppréttur en höfðingi á knjám.

Skuldugur maður á ráð á hvers manns pyngju.

Sá sem hefir hégómadýrðina til miðdegisverðar verður að láta sér nægja fyrirlitningu í kveldverð.

Sanna farsæld má einungis ávinna sér með því að vera fastheldinn við dyggðina og hafa vitnisburð góðrar samvisku.

[B. Fr.]